

## Fundargerð

### Íþróttá- og tómstundanevnd - 264. fundur

haldinn á Skólaskrifstofu,  
14. febrúar 2018 og hófst hann kl. 08:15.

#### Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður  
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður  
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, .

Stefán Örn Gunnlaugsson sat fundinn fyrir hönd Foreldraráðs Hafnarfjarðar.

#### Dagskrá:

#### 2. 1801364 - #metoo, íþróttá- og tómstundastarf

Umræða um hvernig óháð fagráð yrði uppsett.

*Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði er að skoða og kynna sér enn betur lög, reglur og verklagstillögur sem tengjast ofbeldi í íþróttum sem m.a. ÍSÍ hefur unnið.*

*Fulltrúum íþróttahreyfingarinnar verður boðið að taka þátt í námskeiði um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum sem kallast Verndari barna núna á vorönn.*

#### 3. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

Frestað.

#### 4. 1706369 - Hestamannafélagið Sörli, reiðhöll

Erindi frá Hestamannafélaginu Sörli varðandi uppbyggingu á svæði þeirra var sent frá bæjarráði til umsagnar ÍTH nefndar.

*ÍTH tekur afar vel í erindið og greinagott kynningarbréf og tekur undir þörf á nýrri reiðhöll.*

*Erindinu er vísað til Umhverfis- og framkvæmdarráðs.*

#### 6. 1601218 - Opnunartími sundlauga

Lagt fram mótmælabréf 28 einstaklinga þar sem mótmælt er harðlega breyting á opnunartíma Ásvallalaugar um helgar.

*Nefndin mun boða til umræðufundar með bréfiturum í Ásvallalaug laugardagsmorgun á næstunni þar sem farið verði yfir málið.*

*Fulltrúi Foreldraráðs Hafnarfjarðar bendir á að með breyttum opnunartíma er verið að skerða aðgengi hreyfihamlaðra að sundlaugum Hafnarfjarðar um helgar.*

*Nefndin leggur áherslu á að aðgengi sé fyrir alla að sundlaugum bæjarins og vísar til Umhverfis- og framkvæmdasviðs að skoða og meta aðgengi að Sundhöll Hafnarfjarðar.*

**8. 1801552 - Þjóðhátíðardagurinn 2018**

Farið yfir þjóðhátíðardaginn í fyrra.

*Hér með er óskað eftir að Ungmennaráð skipi fulltrúi í Þjóðhátíðarnefndina.*

*Þjóðhátíðarnefnd óskar eftir því starfa nánar með starfshóp við undirbúning dagsins og fái að vera þátttakendur í undirbúningsstarfinu.*

*Íþróttá- og tómstundafulltrúa falið að mynda starfshóp.*

**5. 1411359 - Ásvellir, starfshópur v/uppbyggingar 2015**

Kynnt 20. fundargerð starfshóps um uppbyggingu Ásvalla.

*Nefndin stefnir á að fara í skoðunarferð.*

**1. 1510105 - ÍBH, fundargerð**

Framkvæmdastjóri ÍBH kynnti fundargerð stjórnar ÍBH frá 6. febrúar sl.

**7. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð**

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Næsti fundur er 2. mars og fer hann fram upp í Bláfjöllum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.**

**Karólína Helga Símonardóttir**  
(n)  
**Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir**  
(n)

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir**  
(sign)  
**Elísabet Ólafsdóttir (sign)**